

Yfirtökutilboð til hluthafa í Exista hf.

Þann 8. desember 2008 skráði BBR ehf. sig fyrir nýju hlutfé í Exista hf. sem nam 50 milljörðum hluta. Í kjölfarið nam eignarhlutur BBR ehf. (77,9%) og Bakkabraedur Holding B.V. (10%) samtals 87,9% af heildarhlutfé Exista hf., en bæði félögin eru í eigu Lýðs Guðmundssonar og Ágústis Guðmundssonar. BBR ehf. ber því samkvæmt X. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti að gera öðrum hluthöfum Exista hf. yfirtökutilboð, þ.e.a.s. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Rétt er að taka fram að Bakkabraedur Holding B.V. eru ekki lengur eigendur að fyrrgreindum eignarhlut í Exista hf.

TILBOÐSVERÐ

Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkt hafa á fjármálamörkuðum og þess að lokað var fyrir viðskipti með hlutabréf Exista hf. frá 6. október 2008 allt þar til tilboðsskylda stofnaðist þann 8. desember 2008, fór BBR ehf. þess á leit við Fjármálaeftirlitið að félaginu yrði veitt undanþága frá ákvæðum verðbréfavíðskiptalaga um lágmarksverð í yfirtökutilboði. Fjármálaeftirlitið fékk sérfræðinga PriceWaterhouseCoopers hf. til þess að framkvæma fyrir sína hönd verðmat á Exista hf. Miðaðist verðmatið við 4. desember 2008, sem er sú dagsetning sem verðmat BBR ehf. var miðað við vegna hlutfjárukningarinnar þann 8. desember 2008 þegar yfirtökuskylda BBR ehf. stofnaðist. Var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af framangreindu verðmati, að lágmarksverð í yfirtökutilboði þessu skyldi lækkað og vera að lágmarki 0,02 krónur á hlut. Nánari rökstuðning fyrir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins má finna á heimasíðu eftirlitsins (www.fme.is).

Með vísan til framangreinds er það verð sem hluthöfum Exista hf. er boðið fyrir hluti sína í yfirtökutilboði þessu 0,02 krónur fyrir hvern hlut, kvaða- og veðbandalausán. Samsvarar það því verði sem BBR ehf. greiddi fyrir hina nýju hluti í Exista hf., sem jafnframt er hæsta verð sem BBR ehf. og Bakkabraedur Holding B.V. hafa greitt fyrir hluti í Exista hf. á síðastliðnum 6 mánuðum.

GILDISTÍMI

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9:00 þann 11. apríl 2009 til kl. 16:00 þann 8. maí 2009.

TILBOÐSHAFAR

Tilboðið tekur til allra hluta í Exista hf. sem ekki eru í eigu BBR ehf. á þeim degi sem tilboðið er sett fram.

Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Exista við lok dags föstudaginn 3. apríl 2009, þegar hlutaskráin hefur verið uppfærð miðað við þann dag, munu fá sent tilboðsyfirlit, samþykkiseyðublað og svarsendingarumslag, en einnig verður hægt að nálgast gögnin hjá BBR. ehf. að Efstaleiti 5, 103 Reykjavík. Tilboðsyfirlitið verður einnig hægt að nálgast í fréttakerfi NASDAQ OMX ICELAND hf. (<http://nasdaqomxnordic.com/Frettir>).